

ÁKVÖRDUN RÁÐSINS

frá 22. desember 1995

um framkvæmd áætlunar um menntun fagmanna sem vinna að evrópskri dagskrárgerð fyrir hljóð- og myndmiðla (MEDIA II — Menntun)

(95/564/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 4. mgr. 127. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 189. gr. c sáttmálans ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Á fundi sínum í Brussel 10. og 11. desember 1993 fjallaði leiðtoga ráðið um hvítbókina „Vöxtur, samkeppnishæfni og atvinnumál“ sem viðmið fyrir aðgerðir Evrópusambandsins og aðildarríkja þess. Í hvítbókinni kemur fram stuðningur við iðnráðgjafarætlun sem byggir á alþjóðasamkeppnishæfni sem forsendu vaxtar og atvinnu, og þar er haldið fram nauðsyn þess að laga fagþekkingu að framförum á sviði iðnaðar og tækni, einkum í 7. kafla.
2. Á fundi sínum á Korfú 24. og 25. júní 1994 fjallaði leiðtoga ráðið um skýrslu Bangemann-nefndarinnar „Evrópa og hið víðtæka upplýsingaþjóðfélag — tillögur til leiðtoga ráðsins“, þar sem einkum er vakin athygli á að evrópsk dagskrárgerð fyrir hljóð- og myndmiðla hafi lykilkjöfðingu að því er varðar efni og innihald.
3. Ráðið, sem fjallaði um iðnaðar- og fjarskiptamál þann 28. september 1994, lýsti yfir jákvæðri afstöðu sinni til orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar frá 19. júlí 1994, „Leið Evrópu inn í upplýsingaþjóðfélagið: aðgerðaáætlun“, þar sem ráðið lagði áherslu á nauðsyn þess að auka samkeppnishæfni evrópskrar hljóð- og myndmiðlunar.
4. Ráðið fjallaði formlega um orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 1. september 1994, „Stefna Evrópu-

sambandsins varðandi samkeppnishæfni iðnaðar“, þar sem bent er á nán tengsl milli framtíðarhorfa á tækni-sviði og framleiðsluvara, dagskrárefnis (einkum á sviði hljóð- og myndmiðlunar) og tengdrar þjónustu og netkerfa og minnti á nauðsyn þess að efla menntun starfsmanna í því augnamiði að gera evrópskan iðnað samkeppnishæfan.

5. Ráðið fjallaði formlega þann 17. júní 1994 um grænbókina „Valkostir varðandi aðgerðir til að efla evrópska dagskrárgerð með tilliti til stefnu Evrópusambandsins á sviði hljóð- og myndmiðlunar“.
6. Framkvæmdastjórnin hefur átt samráð við fagmenn í atvinnugreininni um þá valkosti sem eru kynntir í grænbókinni, meðal annars með því að efna til ráðstefnu í Brussel dagana 30. júní til 2. júlí 1994 undir yfirskriftinni „Evrópuráðstefna um hljóð- og myndmiðun“. Fyrirnefnt samráð leiddi í ljós ríka þörf fyrir að efla áætlun um stuðning við evrópska hljóð- og myndmiðlun, einkum á sviði menntunar.
7. Í tengslum við undirbúning fyrir Evrópuráðstefnuna um hljóð- og myndmiðlun fjallaði Evrópuþingið, í ályktun frá 6. maí 1994 ⁽⁴⁾, um vanda hljóð- og myndmiðlunariðnaðarins í framhaldi af tilskipun ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinnna ákvæða í lögum og stjórnarsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur ⁽⁵⁾ (tilskipunin um „sjónvarp án landamæra“) og „tók þá afstöðu að forgangsverkefni sem voru ákveðin, meðal annars í umræðum um breytingar á MEDIA-áætluninni, einkum á sviði fjármögnunarleiða, undirbúningsvinnu, dreifingar og menntunar, væru best til þess fallin að stuðla að því að komið verði á samfelldum og traustum evrópskum netkerfum“.
8. Í álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar frá 14. september 1994, sem fjallar um grænbókina, kemur fram að áætlanir á vettvangi bandalagsins, eins og t.d. MEDIA-áætlunin, geti haft hagstæð áhrif á þróun dagskrárgerðar og framleiðsluaðferða í Evrópu.
9. Framkvæmdastjórnin hefur hrint í framkvæmd aðgerðaáætlun sem er ætlað að stuðla að framgangi evrópskrar hljóð- og myndmiðlunar (MEDIA 1991

⁽¹⁾ Stjtuð. EB nr. C 108, 29. 4. 1995, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtuð. EB nr. C 256, 2. 10. 1995, bls. 24.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 16. júní 1995 (Stjtuð. EB nr. C 166, 3. 7. 1995, bls. 200), sameiginleg afstaða ráðsins frá 10. júlí 1995, (Stjtuð. EB nr. C 281, 25. 10. 1995, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 15. nóvember 1995 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum EB*).

⁽⁴⁾ Stjtuð. EB nr. C 205, 25. 7. 1994, bls. 561.

⁽⁵⁾ Stjtuð. EB nr. L 298, 17. 10. 1989, bls. 23.

- til 1995) og var samþykkt með ákvörðun ráðsins 90/685/EBE frá 21. desember 1990 varðandi framkvæmd aðgerðaáætlunar til að efla þróun evrópska hljóð- og myndmiðlunariðnaðarins (MEDIA) (1991 til 1995) ⁽¹⁾, sem einkum felst í aðgerðum á sviði menntunar til að auka faglega hæfni manna sem vinna að dagskrárgerð fyrir hljóð- og myndmiðla.
10. Ráðið tók, á fundi sínum 5. nóvember 1993, að teknu tilliti til orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar frá 23. júlí 1993 um matsskýrslu um fyrri hluta MEDIA-áætlunarinnar, þá afstöðu að rétt væri að kanna viðeigandi leiðir til að hrinda MEDIA-áætlun II í framkvæmd eftir 1995.
 11. Leiðtoga ráðið hvatti framkvæmdastjórnina, á fundi sínum í Essen 10. desember 1994, til að leggja fram tillögur að nýrri MEDIA-áætlun.
 12. Ráðið samþykkti, á fundi sínum 6. desember 1994, ákvörðun 94/819/EB ⁽²⁾ um aðgerðaáætlunina „Leonardo da Vinci“ um framkvæmd fagmenntastefnu Evrópubandalagsins. Í 1. mgr. 8. gr. fyrrnefndrar ákvörðunar kemur fram að framkvæmdastjórnin skuli tryggja að heildarsamræmi sé milli fyrrnefndrar áætlunar og aðgerða bandalagsins á sviði menntunar.
 13. Tryggja ber samræmi í reynd við aðgerðir á sviði starfsmenntunar sem samrýmast markmiðum þróunarsjóðanna.
 14. Samkvæmt 4. mgr. 128. gr. sáttmálans skal bandalagið taka tillit til menningarlegra þátta í aðgerðum sínum samkvæmt öðrum ákvæðum sáttmálans. Tryggja ber að val þátttakenda í þessari áætlun endurspegli fjölbreytni evrópskrar menningar.
 15. Taka ber tillit til menningarlegra þátta á sviði hljóð- og myndmiðlunar.
 16. Tilkoma evrópsks hljóð- og myndmiðlunarmarkaðar kallar á faglega hæfni sem er sniðin að nýjum þörfum markaðarins, einkum að því er varðar efnahags- og rekstrarstjórn greinarinnar og nýtingu nýrrar tækni á öllum stigum þáttagerðar, þ.e. hugvinnu, úrvinnslu, framleiðslu og útsendingu.
 17. Hjálpa ber þeim sem starfa í greininni að öðlast fagþekkingu sem gerir þeim kleift að hagnýta til fulls kosti hljóð- og myndmiðlunarmarkaðarins, einkum og sér í lagi Evrópuþátt hans, og hvetja ber þá til að vinna verkefni sem koma til móts við kröfur markaðarins.
 18. Þörf er á að nýta betur evrópskan menningararf hljóð- og myndmiðla til að svara þörf markaðar fyrir dagskrárefni á þessu sviði.
 19. Nauðsynlegir þættir á sviði fjárhags- og tæknimála skulu vera liður í grunnmenntun fagmanna. Örar framfarir á þessu sviði kalla á símenntun í auknum mæli.
 20. Hvetja ber til þess að starfsmenntastofnanir tengist saman í netkerfi til að auðvelda miðlun og þróun menntunaráfanga á evrópskum vettvangi.
 21. Með stuðningi við starfsmenntun ber að hafa markmið í huga sem varða uppbyggingu, eins og þróun hæfileika til sköpunar og framleiðslu í löndum eða á svæðum þar sem framleiðslugeta fyrir hljóð- og myndmiðla er takmörkuð og/eða á litlum landsvæðum og í litlum málsamfélögum og/eða þróun sjálfstæðra framleiðslufyrirtækja, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja.
 22. Grundvallarregla í stefnu Evrópusambandsins er jöfnun tækifæra og ber að hafa hliðsjón af henni við framkvæmd þessarar áætlunar.
 23. Í ákvörðun þessari er tilgreind viðmiðunarfjárhæð, í skilningi 2. liðar yfirlýsingar Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar frá 6. mars 1995, sem stendur meðan ákvörðun þessi er í gildi, án þess þó að hafa áhrif á heimildir fjárveitingarvaldsins samkvæmt ákvæðum sáttmálans.
 24. Aðgerðir bandalagsins skulu í samræmi við dreifræðisregluna styðja og koma til viðbótar aðgerðum viðkomandi yfirvalda í aðildarríkjunum.
 25. Allar aðgerðir sem kveðið er á um í þessari áætlun miða að samvinnu yfir landamæri til að auka gildi aðgerða innan aðildarríkjanna eða af hálfu þeirra sem fara með menntunarmál, í samræmi við dreifræðisregluna sem um er getið hér að framan.
 26. Fylgja ber eftir og efla aðgerðir sem miða að því að gefa sambandslöndum í Mið- og Austur-Evrópu kost á þátttöku í MEDIA-áætluninni með þeim skilyrðum sem um getur í viðbótarbókunum við samstarfssamninga um þátttöku í áætlunum bandalagsins sem hafa verið gerðir eða til stendur að gera við þessi lönd og gefa Kýpur, Möltu og þeim EFTA-ríkjum sem eiga aðild að EES-samningnum kost á þátttöku á grundvelli viðbótarfjárveitinga samkvæmt málsmeðferð sem semja ber um við þessi lönd. Enn fremur skal öðrum

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 380, 31. 12. 1990, bls. 37.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 340, 29. 12. 1994, bls. 8.

þriðju löndum boðin samvinna um aðild að áætluninni sem hafa gert samninga sem í eru ákvæði um hljóð- og myndmiðlun. Viðkomandi aðilum ber að semja um einstök atriði varðandi þess konar þátttöku eða samvinnu þegar það er tímabært.

27. Æskilegt er að samræma aðgerðir samkvæmt þessari áætlun og aðgerðir af hálfu alþjóðlegra samtaka eins og Evrópuráðsins.
28. Stuðningur af hálfu bandalagsins er veittur að undan- gengnu mati, eftirliti og síðar úttekt.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Með ákvörðun þessari er komið á áætlun um starfsmenntun (hér eftir nefnd „áætlun“) sem gilda skal frá 1. janúar 1996 til 31. desember 2000. Áætluninni er ætlað að styðja og auka við aðgerðir aðildarríkjanna um leið og tekið er fullt tillit til ábyrgðar þeirra á efni og skipulagi áætlana um starfsmenntun og á menningarlegri fjölbreytni innan land- anna og einstakra landssvæða, án þess að um samhfæingu laga og reglugerða aðildarríkjanna sé að ræða. Tilgangur hennar er og að auka færni fagmanna á sviði evrópskrar hljóð- og myndmiðlunar sem gerir þeim kleift að nýta sér til fulls Evrópuþátt þessa markaðar og nýja tækni á þessu sviði.

2. gr.

Markmiðið með áætluninni er, að því er varðar ákvæði 1. gr.:

1. að koma til móts við þarfir þessa iðnaðar og efla sam- keppnishæfni hans með því að bæta starfsmenntun á sviði hljóð- og myndmiðlunar, bæði grunnmenntun og sérstaklega símenntun, í þeim tilgangi að starfsmenn öðlist nauðsynlega verkunnáttu og færni til að vera í stakk búinir að hagnýta sér evrópska markaðinn og aðra markaði, einkum með tilliti til:

- efnahags- og rekstrarstjórnar, meðal annars lög- fræðilegra þátta,
- hagnýtingar og þróunar nýrrar tækni við dagskrár- gerð fyrir hljóð- og myndmiðla, sem eykur mjög sölugildi og listrænt gildi efnisins, með því að efla menntun í hljóð- og myndmiðlunargreinum.
- aðferða við að semja kvikmyndahandrit.

Með þessu stefnumiði er komið til móts við sjónarmið er varða fleiri lönd með því að stuðla að þróun fyrir- tækja og verkefna (nýtt dagskrárefni eða betri nýting

menningararfs á vettvangi hljóð- og myndmiðla) og að þróun sameiginlegra starfshátta í rekstri:

2. að hvetja til samstarfs og gagnkvæmrar miðlunar verkunnáttu með því að koma á netkerfi milli þeirra sem annast starfsmenntun, þ.e. menntastofnana, fag- greinarinnar og fyrirtækja innan hennar, og með því að efla kennaramenntun.

Til að ná settum markmiðum, sem um getur í fyrsta og öðrum lið 1. mgr., skal leggja sérstaka áherslu á að sinna sérþörfum landa eða landsvæða, þar sem framleiðslugeta er takmörkuð og/eða þar sem um lítið málsamfélag eða landsvæði er að ræða, og á þróun sjálfstæðra evrópskra framleiðslu- og dreifingarfyrirtækja, einkum lítilla og með- alstórra fyrirtækja.

3. gr.

Þeim sem þiggja styrk frá bandalaginu og taka þátt í að- gerðum sem um getur í viðaukanum ber að leggja fram umtalsverðan hluta af því fjármagni sem um ræðir (a.m.k. 50%). Heimilt er að lækka þennan hluta allt niður í 25% í vel rökstuddum undantekningartilvikum.

Ákvarða ber fjárframlög bandalagsins með tilliti til kostnaðar samfara fyrirhuguðum aðgerðum og þess hvers eðlis þær eru.

Sú viðmiðunarfjárhæð sem er ætluð til að framfylgja áætl- uninni þann tíma sem er tilgreindur í 1. gr. skal vera 45 milljónir evrópskra mynteininga (ECU).

Fjárveitingarvaldið heimilar árlegar fjárveitingar í samræmi við fjárhagsforsendur hverju sinni.

4. gr.

1. Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á framkvæmd áætl- unarinnar í samræmi við ákvæði viðaukans.

Við framkvæmd þessa verks skal framkvæmdastjórnin njóta aðstoðar nefndar sem skipuð er tveimur fulltrúum frá hverju aðildarríki undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnar- innar.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefnd- ina, sem gefur álit sitt, drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal varðandi:

- framkvæmd þeirra aðgerða sem kveðið er á um í við- aukunum,
- efni auglýsinga eftir tillögum, skilgreiningu viðmiða og reglur um samþykki og val verkefna og lokaákvörðun um val milligönguaðila,

— spurningar um árlega dreifingu fjár milli einstakra liða áætlunarinnar,

— eftirlit með aðgerðum og mati á þeim.

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur einnig fyrir nefndina, sem gefur álit sitt, niðurstöður athugana á öllum fjárveitingum bandalagsins sem eru yfir 200 000 ECU á ári. Nefndinni er heimilt að breyta þessum mörkum í ljósi fenginnar reynslu.

3. Nefndin skal skila áliti sínu á drögum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitið skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanirnar sem öðlast gildi þegar í stað. Séu ráðstafanirnar ekki í samræmi við álit nefndarinnar skal framkvæmdastjórnin þó láta ráðið vita af þeim án tafar. Ef svo ber undir:

— skal framkvæmdastjórnin fresta framkvæmd ráðstafanna, sem hún hefur samþykkt, um tvo mánuði.

— ráðinu er heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan þeirra tímamarka sem um getur í undanfarandi málsgrein.

4. Framkvæmdastjórninni er heimilt að hafa samráð við nefndina um öll þau mál sem tengjast framkvæmd áætlunarinnar.

Nefndin skal skila áliti sínu fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er, með atkvæðagreiðslu ef þörf krefur.

Álitið skal skráð í fundargerð; þar að auki hefur hvert aðildarríki rétt á að láta bóka afstöðu sína í fundargerðina.

Framkvæmdastjórnin skal taka ýtrasta tillit til álits nefndarinnar. Henni ber að greina nefndinni frá því með hvaða hætti álit hennar var haft til hliðsjónar.

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar skal láta nefndina vita með góðum fyrirvara og reglulega um fjárveitingar sem eru samþykktar innan ramma áætlunarinnar (fjárhæðir, gildistími, skipting fjármagns og styrkþegar).

5. gr.

Sambandslöndum í Mið- og Austur-Evrópu stendur til boða að taka þátt í áætluninni með þeim skilyrðum sem um getur

í viðbótarbókunum við samstarfssamninga um þátttöku í áætlunum bandalagsins sem hafa verið gerðir eða til stendur að gera við þessi lönd.

Kýpur, Möltu og þeim EFTA-ríkjum sem eiga aðild að EES-samningnum er gefinn kostur á þátttöku á grundvelli viðbótarfjárveitinga samkvæmt sömu reglum og gilda fyrir EFTA-löndin og samkvæmt reglum sem semja ber um við þessi lönd.

Enn fremur skal öðrum þriðju löndum boðin samvinna um aðild að áætluninni sem hafa gert samninga sem í eru ákvæði um hljóð- og myndmiðlun.

Viðkomandi aðilum ber að semja um einstök atriði varðandi þess konar þátttöku eða samvinnu þegar það er tímabært.

6. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal ganga úr skugga um að aðgerðir samkvæmt ákvörðun þessari séu háðar undanfarandi mati, eftirliti og síðar úttekt.

2. Styrkþegum ber að senda framkvæmdastjórninni skýrslu árlega.

3. Þegar verkefnum er lokið ber framkvæmdastjórninni að leggja mat á með hvaða hætti þau voru unnin og hvaða áhrif framkvæmd þeirra hefur haft til að unnt sé að dæma um hvort upphafleg markmið hafi náðst.

4. Eftir að áætlunin hefur verið í gangi í tvö og hálf ár og innan sex mánaða eftir það tímabil ber framkvæmdastjórninni, eftir að hafa lagt málið fyrir nefndina í samræmi við málsmeðferðina í 2. og 3. mgr. 4. gr., að skila Evrópuþinginu, ráðinu og efnahags- og félagsmálanefndinni matsskýrslu um þær niðurstöður sem liggja fyrir, ásamt viðeigandi tillögum ef nauðsyn krefur.

Í skýrslunni skulu einkum koma fram sá virðisauki og þau félags- og efnahagslegu áhrif sem rekja má til veitts fjárhagsstuðnings.

5. Þegar áætlunin er á enda runnin ber framkvæmdastjórninni að skila Evrópuþinginu, ráðinu og efnahags- og félagsmálanefndinni skýrslu um framkvæmd áætlunarinnar og þær niðurstöður sem liggja fyrir.

Gjört í Brussel 22. desember 1995.

Fyrir hönd ráðsins,

L. ATIENZA SERNA

forseti.

1. AÐGERDIR SEM GRÍPA BER TIL

Áætluninni er, sem stuðningi og viðbót við aðgerðir aðildarríkjanna, ætlað að hjálpa fagmönnum að laga sig, einkum og sér í lagi, að Evrópuþætti markaðarins með því að efla starfsmenntun á sviði efnahags- og rekstrarstjórnar, meðal annars lögfræðilegra þátta, og nýrrar tækni (m.a. varðveislu og eflingu evrópsks menningararfs á vettvangi kvikmyndagerðar og hljóð- og myndmiðla).

Fyrirhugaðar aðgerðir taka til starfsmenntunar, bæði grunnmenntunar og sérstaklega símenntunar.

1.1. Menntun á sviði efnahags- og rekstrarstjórnar

Stefnt er að því að auka hæfni fólks í faggreininni til að skilja og færa sér í nyt evrópska þáttinn að því er varðar úrvinnslu, framleiðslu, dreifingu og útsendingu dagskrárefnis fyrir hljóð- og myndmiðla.

Aðgerðirnar munu felast í því að:

- stuðla að skipulagningu og endurskoðun á menntunaráföngum á sviði stjórnunar sem komi til viðbótar aðgerðum aðildarríkjanna,
- hvetja til þess að fyrrnefndir menntunaráfangar séu felldir inn í þá menntun sem menntastofnanir, faggreinin og fyrirtæki veita,
- fella menntaáætlanir inn í netkerfi, auðvelda nemenda- og atvinnumannaskipti með því að bjóða fram styrki og skipuleggja tímabundið starfsnám í fyrirtækjum í öðrum aðildarríkjum og styrkja kennaramenntun og fjarnám sérstaklega, hvetja til þess að lönd og landsvæði, þar sem framleiðslugeta er takmörkuð og/eða þar sem um lítið málsamfélag eða landsvæði er að ræða, skiptist á reynslu og taki upp samvinnu.

1.2. Þjálfun í nýrri tækni

Stefnt er að því að auka hæfni fólks í faggreininni í að nota háþróaðar, skapandi aðferðir, t.d. á sviði hreyfimyndagerðar, tölvuteikunar, margmiðlunar og gagnvirkni.

Aðgerðirnar munu felast í því að:

- stuðla að skilgreiningu og endurskoðun menntunaráfanga þar sem fjallað er um nýja tækni á sviði hljóð- og myndmiðlunar, sem komi til viðbótar aðgerðum aðildarríkjanna,
- hvetja til þess að fyrrnefndir menntunaráfangar séu felldir inn í þá menntun sem menntastofnanir, faggreinin og fyrirtæki veita,
- fella ráðstafanir á sviði menntunar inn í netkerfi, auðvelda kennara-, nemenda- og atvinnumannaskipti með því að bjóða fram styrki og skipuleggja tímabundið starfsnám í fyrirtækjum í öðrum aðildarríkjum og styrkja kennaramenntun og fjarnám sérstaklega, hvetja til þess að lönd og landsvæði, þar sem framleiðslugeta er takmörkuð og/eða þar sem um lítið málsamfélag eða landsvæði er að ræða, skiptist á reynslu og taki upp samvinnu.

2. FRAMKVÆMD ÁÆTLUNARINNAR

2.1. Aðferð

Framkvæmdastjórnin mun, við framkvæmd áætlunarinnar, eiga náið samstarf við aðildarríkin. Hún mun einnig hafa samráð við viðkomandi aðila. Hún mun sjá til þess að fagmenn, sem taka þátt í áætluninni, séu góðir fulltrúar fyrir og gefi rétta mynd af fjölbreyttri menningu Evrópu.

Hún mun hvetja til samstarfs, annars vegar milli menntastofnana, faggreinarinnar og fyrirtækja og hins vegar þeirra sem skipuleggja menntunaráfanga, strax og vinna við undirbúning þeirra hefst.

Hún mun greiða fyrir því að unnt sé að koma starfsmönnum í starfsnám, einkum frá löndum og landsvæðum, þar sem framleiðslugeta er takmörkuð og/eða þar sem um lítið málsamfélag eða landsvæði er að ræða.

2.2. Fjárframlög bandalagsins

Nýta ber fjárframlög bandalagsins til stuðnings viðleitni innlendra aðila til að bæta menntunaráföngum á sviði stjórnunar og nýrrar tækni við þau námskeið sem eru í boði.

Fjárframlög bandalagsins, allt að 50% af heildarmenntunarkostnaði (sem heimilt er að hækka í allt að 75% í vel rökstuddum undantekningartilvikum), verða innan ramma sameiginlegra fjárframlaga opinberra aðila og/eða einkaaðila.

Beita ber málsmeðferðinni í 4. gr. til að ákveða:

- skiptingu fjármagns til aðgerða af því tagi sem um getur í liðum 1.1 og 1.2 í þessum viðauka, og
- framlög bandalagsins vegna kostnaðar við ýmis verkefni sem eru valin eftir að auglýst hefur verið eftir tillögum.

Skipuleggjendur menntunaráfanga og menntastofnanir sem taka þá upp skal velja að undangengnu útboði.

2.3. Framkvæmd

Framkvæmdastjórnin skal standa að framkvæmd áætlunarinnar í samræmi við ákvæði 4. gr.

- 2.3.1. Við framkvæmd áætlunarinnar, einkum við sjálft valið á verkefnum og eftirlit með og mat á verkefnum sem njóta góðs af fjárframlögum samkvæmt áætluninni, mun framkvæmdastjórnin kappkosta að njóta leiðsagnar viðurkenndra sérfræðinga í hljóð- og myndmiðlun á sviði starfsmenntunar.

Í þessu skyni getur framkvæmdastjórnin, ef nauðsyn krefur, kallað til samtök eða stofnanir til að vera milliliðir sem vegna faglegrar sérþekkingar geta veitt tæknilega aðstoð og samið tillögur um styrkþega, þó einnig megi nota aðrar valaðferðir. Velja ber þessi samtök eða stofnanir eftir að auglýst hefur verið eftir tillögum og samkvæmt málsmeðferðinni sem er lýst í 2. mgr. 4. gr.

Framkvæmdastjórnin tekur lokaákvörðun um hverjir hljóta styrk úr sjóði áætlunarinnar með hliðsjón af ákvæðum 2. mgr. 4. gr.

- 2.3.2. Enn fremur ber framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum að skipuleggja gagnkvæma miðlun upplýsinga sem geta komið að gagni við framkvæmd áætlunarinnar og grípa til nauðsynlegra ráðstafana, einkum með því að stuðla að því að framhald verði á aðgerðum á vegum MEDIA-skrifstofanna, til að tryggja framgang áætlunarinnar og hvetja til þátttöku fagmanna í aðgerðum samkvæmt henni í eins ríkum mæli og frekast er unnt og tryggja varanleg tengsl við ólíkar stuðningsstofnanir aðildarríkjanna til að tryggja að aðgerðir samkvæmt þessari áætlun og innlendar stuðningsaðgerðir myndi til samans eina heild.
-